

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 163 96. ár

Miðvikudaginn 17. desember 2003

Stefna

Sparisjóður Hafnarfjarðar,
kt. 610269-5599,
Strandgötu 8-10, Hafnarfirði

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Valgerði Jóhannesdóttur, kt. 060765-5619, með óþekkt heimilisfang á Íslandi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.500.000 með dráttarvöxum frá 20. maí 2003 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi. Jafnframt er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Þá er þess krafist að stefnanda verði heimilað að færa dráttarvexti upp á höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 20. maí 2004, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Málflutningsumboð: Jón Auðunn Jónsson hæstaréttarlögmaður rekur mál þetta af hálfu stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi er til komin vegna skuldar á tékkareikningi Þórarins Baldurssonar, kt. 070851-7099, nr. 7108 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, að fjárhæð kr. 2.339.180. Krafist er dráttarvaxta á stefnukröfuna frá lokunardegi. Þann 4. júlí 2002 tókst stefnda, Valgerður Jóhannesdóttir, kt. 060765-5619 á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu reikningsins auk dráttarvaxta og kostnaðar en ábyrgð hennar takmarkaðist við kr. 2.500.000. Krafist er dráttarvaxta á stefnukröfuna frá 20. maí 2003 í samræmi við ákvæði yfirlýsingarinnar en þann dag var stefndu send greiðsluáskorun.

Ekki hefur tekist að birta stefnu fyrir stefndu, en hún er eins og áður segir með óþekkt heimilisfang á Íslandi. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði. Þórarinn Baldursson var úrskurðaður gjaldþrota þann 11. september 2003 og því ekki stefnt í máli þessu.

Lagarök: Stefnandi byggir dómkröfur sínar gegn báðum stefndu á almennum reglum kröfurettar um skyldu til greiðslu fjárskuldbindinga. Einnig byggir stefnandi dómkröfur sínar á ákvæðum yfirlýsingar stefndu um sjálfskuldarábyrgð auk reglna íslensks kröfurettar um skuldbindingargildi ábyrgðaryfirlýsinga.

Vaxtakröfu sína styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 10. og 12. gr.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um réttarfar vísar stefnandi til 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum.

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram máli sínu til sönnunar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu.

Auglýsing

um deiliskipulag í Bláskógabyggð

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

- Nýtt lögbýli „Goðatún“ úr landi Reykjavalla í Biskupstungum, deiliskipulag. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi á einni hæð ásamt vélaskemmu og gripahúsi. Tening er um aðkomuveg frá afleggjara að frístundabyggð við Tungufljót.
- Deiliskipulag við Bjarkarbraut í landi Norðurbrúnar í Reykholti sem leysir eldra skipulag af hólmi. Gert er ráð fyrir 19 einbýlishúsalóðum að stærð 1420 m² til 5940 m². Á tæplega helmingi lóðanna er gert ráð fyrir gróðurhúsi auk íbúðarhúss.
- Deiliskipulag í þegar byggðu hverfi í Laugarási í Biskupstungum. Svæðið afmarkast af Skúlagötu í suðri, Skálholtsvegi í vestri, Ferjuvegi í norðri og Höfðavegi og Bæjarholti í austri. Skipulagið nær til 10 garðyrkjunlóða.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 17. desember 2003 til 14. janúar 2004. Athugasemdir við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi þriðjudaginn 28. janúar 2004 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

Laugarvatni, 9. desember 2003.
F.h. sveitarstjórnar Bláskógabyggðar,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu.

15120)

Nauðungarsala

Búðardalur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Miðbraut 11, Búðardal, fimmtudaginn 29. janúar 2004 kl. 14.00, hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli:	Gerðarbeiðandi:	Fjárhæð kröfu í krónum:
Skarðsá II, fastnr. 211-8057, 211-8061	Unnsteinn Eggertsson	Formaco ehf.	4.327.607

14781)

Búðardal, 28. nóvember 2003.
Sýslumaðurinn í Búðardal,
Anna Birna Þráinsdóttir.

Fyrirtækjaskrá

Aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í ágúst 2003, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

Heiti	Staður	Kennitala	Tilk.atríði
Steinhólum ehf. 13507)	Reykjavík	410803-2750	B
Póls hf. 13508)	Ísafjörður	640191-1399	B
Jarðboranir hf. 13509)	Reykjavík	590286-1419	ABD
Svarti túlipaninn ehf. 13510)	Selfoss	460303-3110	ACDFGH

Heiti	Staður	Kennitala	Tilk.atriði
Ævintýradalurinn ehf. 13511)	Ísafjörður	670502-4140	B
Fuglasteinn ehf. 13512)	Grindavík	520101-2330	ACDEG
Darmen á Íslandi ehf. 13513)	Vík í Mýrdal	621002-2440	ACDGHK
Bókabúð Máls og menningar ehf. 13514)	Reykjavík	660496-2039	AFH
VA arkitektar ehf. 13515)	Reykjavík	450400-3510	ACD
Eignarhfél. lífsj. verðbrsk. ehf. 13516)	Reykjavík	660597-2559	BG
Creditinfo Group ehf. 13517)	Reykjavík	610303-3580	F
Valsson ehf. 13518)	Reykjavík	630503-2990	B
Nýtt framtak ehf. 13519)	Reykjavík	621099-3029	ACD
Athygli ehf. 13520)	Reykjavík	600389-1229	CD
Austurstræti 12 ehf. 13521)	Reykjavík	710703-2210	CD
Norðlensk orka ehf. 13522)	Sauðárkrókur	680499-2099	ADG
Vesturferðir ehf. 13523)	Ísafjörður	700493-2029	ABCDKL
Markaðsafl ehf. 13524)	Reykjavík	570902-2450	AC
V Laugavegur ehf. 13525)	Kópavogur	520503-2930	ACDEGK
Fitjaborg ehf. 13526)	Reykjavík	521288-1409	G
Café Platform ehf. 13527)	Reykjavík	640902-2560	ACDFG
Hafrafell ehf. 13528)	Reykjavík	590169-4559	ACDEGHK
Múr og menn ehf. 13529)	Reykjavík	510599-3069	A
Listgallerí ehf. 13530)	Reykjavík	550471-0199	ACD
Sindra-Stál hf. 13531)	Reykjavík	500377-0119	ACDE
Útgerðarfélagið Freyr ehf. 13532)	Reykjavík	630287-2789	ACDE
Þak- og glertækni ehf. 13533)	Borgarnes	430796-2679	ACDEGK
Tónerhylki ehf. 13534)	Kópavogur	580603-3350	CD
Stuðlaberg útgerð ehf. 13535)	Grenivík	550502-6150	ADK
Nýja teiknistofan ehf. 13536)	Reykjavík	560986-1309	A
Nýjar víddir ehf. 13537)	Hafnarfjörður	570184-0329	AD
Anza hf. 13538)	Reykjavík	650297-2029	D
Klapparstígur 27 ehf. 13539)	Reykjavík	700169-0819	ACDB
Nexfor fjármögnun ehf. 13540)	Reykjavík	581298-3829	B
Lyfjakaup Mosfellsbæ ehf. 13541)	Mosfellsbær	681197-2739	J
Pons ehf. 13542)	Kópavogur	450396-3469	J
Lyfja Keflavík ehf. 13543)	Kópavogur	511295-2039	J
Lyfsalan Hvammstanga ehf. 13544)	Kópavogur	480101-2190	J

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjaness, sem háð verður í dómsal embættisins að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 21. janúar 2004, kl. 9.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Hafnarfirði, 18. nóvember 2003.
Jón Auðunn Jónsson hrl.

(14853

Fyrirköll

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Laxness lögfræðingur f.h. tollstjóraembættisins, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Marra ehf., kt. 411289-2579, Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, stjórnarmaður er Hilmar Hjaltalín Jónsson, kt. 060748-7219, óstaðsettur í hús. Hin umkrafða skuld er vegna ógreiddra opinberra gjalda og sundurliðast hún með neðangreindum hætti:

Höfuðstóll	kr.	29.789.659
Dráttarvextir	–	15.247.692
Kostnaður	–	326.620
Samtals krafa	kr.	45.363.971

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskiptunum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar megí birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftirtalin gögn:

- Gjaldþrotaskiptabeiðni.
- Greiðslustöðuyfirlit.
- Fjárnámsendurrit.
- Útskrift úr hlutafélagaskrá.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Hilmar Hjaltalín Jónsson, kt. 060748-7219, sem er óstaðsettur í hús, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 21. janúar 2004 kl. 9.30 árdegis er gjaldþrotaskiptabeiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrotaskipti hefjist.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán-aðar fyrirvara.

Reykjavík, 21. nóvember 2003.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari.

(14446

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Laxness lögfræðingur f.h. tollstjóraembættisins, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Friðriks Steingrímssonar, kt. 190345-4919, sem er óstaðsettur í hús. Hin umkrafða skuld er vegna ógreiddra opinberra gjalda og sundurliðast hún með neðangreindum hætti:

Höfuðstóll	kr.	29.576.078
Dráttarvextir	–	19.741.525
Kostnaður	–	15.000
Samtals krafa	kr.	49.332.603

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af

meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskipt-unum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtinga-blaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar meg**i** birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftir-talin gögn:

- Gjaldþrotaskiptabeiðni.
- Greiðslustöðuyfirlit.
- Dráttarvaxtaútreikningar.
- Fjárnámsendurrit.
- Endurrit úr dómabók.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Friðrik Stein-grímsson, kt. 190345-4919, sem er óstaðsettur í hús, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykja-víkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 21. janúar 2004 kl. 9.30 árdegis er gjaldþrotaskiptabeiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrotaskipti hefj**is**t.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán-aðar fyrirvara.

Reykjavík, 21. nóvember 2003.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari.

(14447

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Lax-ness lögfræðingur f.h. tollstjóraembættisins, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Matrix ehf., kt. 680900-3020, Þingholtsstræti 6, Reykjavík, stjórnarmaður er Örn Lárusson, kt. 200456-5729, með lögheimili að Þingholtsstræti 6, Reykjavík. Hin umkrafða skuld er vegna ógreiddra opinberra gjalda og sundurliðast hún með neðangreindum hætti:

Höfuðstóll	kr.	1.748.402
Dráttarvextir	–	576.935
Kostnaður	–	18.000
Samtals krafa	kr.	2.343.337

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskipt-unum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtinga-blaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar meg**i** birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftir-talin gögn:

- Gjaldþrotaskiptabeiðni.
- Greiðslustöðuyfirlit.
- Fjárnámsendurrit.
- Útskrift úr hlutafélagaskrá.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Örn Lárusson, kt. 200456-5729, með lögheimili að Þingholts-stræti 6, Reykjavík, að mæta á dómþing héraðs-dóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 21. janúar 2004 kl. 9.30 árdegis er gjaldþrotaskipta-beiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrota-skipti hefj**is**t.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán-aðar fyrirvara.

Reykjavík, 21. nóvember 2003.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari.

(14448

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðjón J.

Heiti	Staður	Kennitala	Tilk.atriði
Húsavíkur apótek ehf. 13545)	Seltjarnarnes	701294-9559	J
Apótek Blönduóss ehf. 13546)	Kópavogur	550502-5930	J
A = tilkynning er varðar stjórn	J = tilkynning um afskráningu		
B = tilkynning er varðar hlutafé	K = tilkynning er varðar firmaritun		
C = tilkynning er varðar framkvæmdastjórn	L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa		
D = tilkynning er varðar prókúruumboð	M= tilkynning er varðar útibú		
E = tilkynning er varðar endurskoðun	N = tilkynning er varðar umboð		
F = tilkynning er varðar nafn	O = tilkynning er varðar lausnarskyldu		
G = tilkynning er varðar heimilisfang	P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags		
H = tilkynning er varðar tilgang	R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag		
	S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag		

Ríkisskattstjóri. Hlutafélagaskrá.

Björnsson ftr. f.h. sýslumannsins á Akureyri, kt. 490169-4769, Hafnarstræti 107, Akureyri, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Opinna gátta ehf., kt. 460700-2720, Brautarholti 8, Reykjavík, stjórnarmaður er Baldur Sigurðs-son, kt. 300463-4369, með lögheimili í Bret-landi. Hin umkrafða skuld er vegna ógreiddra opinberra gjalda og sundurliðast hún með neð-angreindum hætti:

Höfuðstóll	kr.	2.330.346
Dráttarvextir	–	962.120
Kostnaður	–	27.100
Samtals krafa	kr.	3.319.566

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskipt-unum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtinga-blaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar meg**i** birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftir-talin gögn:

- Gjaldþrotaskiptabeiðni.
- Greiðslustöðuyfirlit.
- Ljósrit árangurslauss fjárnáms.
- Útprentun úr þjóðskrá.
- Útprentun úr hlutafélagaskrá.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Baldur Sigurðsson, kt. 300463-4369, með lögheimili í Bretlandi, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dóm-húsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 21. janúar 2004 kl. 9.30 árdegis er gjaldþrotaskipta-beiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrota-skipti hefj**is**t.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán-aðar fyrirvara.

Reykjavík, 21. nóvember 2003.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari.

(14449

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Hlynur Halldórsson hdl. f.h. Sparisjóðs Siglufjarðar, kt. 610269-3979, Túngötu 3, Siglufirði, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Stefáns Gunnarssonar, kt. 230846-2789, Kamsbsvegi 18, Reykjavík. Hin umkrafða skuld er vegna áritaðr-ar stefnu og sundurliðast hún með neðangreind-um hætti:

Höfuðstóll	kr.	33.740.024
Dráttarvextir til 28. maí 2003	–	8.009.380

Málskostnaður	–	806.340
Mót í héraðsdómi	–	4.000
Fjárnámsbeiðni	–	3.800
útl. v/veðbókarvottorðs	–	550
Fjárnámsgjald í ríkissjóð	–	11.500
Kostnaður v/fjárnáms	–	30.450
Gjaldþrotaskiptabeiðni	–	3.800
Vextir af kostnaði	–	72.343
Vegna vsk kröfuhafa	–	205.737
Samtals krafa	kr.	42.887.923

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskipt-unum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtinga-blaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar meg**i** birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftir-talin gögn:

- Gjaldþrotaskiptabeiðni.
- Árangurslaus aðfarargerð.
- Árituð stefna.
- Ljósrit aðfararbeiðni.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Stefán Gunnarsson, kt. 230846-2789, að mæta á dóm-þing héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, mið-vikudaginn 21. janúar 2004 kl. 9.30 árdegis er gjaldþrotaskiptabeiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrotaskipti hefj**is**t.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán-aðar fyrirvara.

Reykjavík, 21. nóvember 2003.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari.

(14450

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum 26. nóvember 2003, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Álfasteinn ehf., kt. 511281-0329	21. nóv. 2003	mánudaginn 1. mars 2004
Iðngörðum, Borgarfjarðarhreppi		kl. 16.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síð-ustu viku fyrir skiptafundinn.

Fjarðabyggð, 1. desember 2003.
Gísli M. Auðbergsson hdl.,
skiptastjóri.

(14844 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 3. desember 2003, voru bú neðan-greindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Eignarhaldsfélagið Grímsey ehf., kt. 431182-0419, Hverafold 21, Reykjavík	Frestdagur: 16. okt. 2003	Skiptafundur: 5. mars 2004 kl. 9.00
(14856 a		
Sabína ehf., kt. 700595-2269, Nökkvavogi 6, Reykjavík	16. okt. 2003	5. mars 2004 kl. 9.30
(14857 a		
Skapalón ehf., kt. 531100-2390 Skeiðarvogi 29, Reykjavík	16. okt. 2003	5. mars 2004 kl. 10.00
(14858 a		
Rekstrarfélagið Traust ehf., kt. 550396-2039, Hafnarstræti 20, Reykjavík	16. okt. 2003	5. mars 2004 kl. 10.30
(14859 a		
Mosverk ehf., kt. 580501-2730, Brekkulandi 1, Mosfellsbæ	23. sept. 2003	5. mars 2004 kl. 11.00
(14860 a		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra á ofan-greindum tímum.

Skrár yfir lýstar kröfur í þrotabúin munu liggja frammi þar, síðustu viku fyrir skiptafund-ina.

Reykjavík, 5. desember 2003.
Benedikt Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skip-uð skiptastjóri í búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Tölvuheimar ehf., kt. 460301-2030 Ugluhólum 12, 111 Reykjavík	Frestdagur: 14. júlí 2003	Skiptafundur: þriðjudaginn 16. mars 2004 kl. 14.00
(14998 a		
Örn Björnsson, kt. 011259-5969, Laugavegi 135, 105 Reykjavík	14. maí 2002	þriðjudaginn 16. mars 2004 kl. 15.00
(14999 a		

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúun-um eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum

sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra til Lögborgar ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur, og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 30, 5. hæð, Reykjavík, á ofan-greindum tímum.

Skrár um lýstar kröfur munu liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 8. desember 2003.
Sigríður Elsa Kjartansdóttir hdl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 3. desember 2003, voru neðan-greind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabú-unum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Iceglobal á Íslandi ehf., kt. 410800-3060, Þverholti 3, Mosfellsbæ	Frestdagur: 13. ágúst 2003	Skiptafundur: fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 9.30
(15122 a		
Center ehf., kt. 471292-2069, Hafnarstræti 15, Reykjavík	18. ágúst 2003	fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 10.00
(15123 a		
Halldór Örn Kristjánsson, kt. 070980-4529, Byggðarholti 39, Mosfellsbæ	22. ágúst 2003	fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 10.30
(15124 a		
Lindahvammur ehf., kt. 680297-2669, Gautavík 29, Reykjavík	18. ágúst 2003	fimmtudaginn 4. mars 2004 kl. 11.00
(15125 a		

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, pósthólf 8975, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skipta-stjóra að Sundagörðum 2, II. hæð á ofangreind-um tímum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi, síðustu viku fyrir skipta-fundina.

Reykjavík, 8. desember 2003.
Birgir Már Ragnarsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra 24. nóvember 2003 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-ur við nafn búsins.

Nafn bús: Sandur & Stál ehf., kt. 441099-2239, lögheimili, Suðurgata 18, Sauðárkróki, aðsetur, Tjarnarból 4, Seltjarnarnesi	Frestdagur: 25. júlí 2003	Skiptafundur: fimmtudaginn 26. febr. 2004 kl. 15.00
---	-------------------------------------	---

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Húnabraut 19, 540 Blönduósi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og

ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Húnabraut 19, Blönduósi, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Blönduósi, 26. nóvember 2003.
Stefán Ólafsson hdl.

(14442 b

Stjórn Sölku-Fiskmiðlunar hf., kt. 510987-1529, Ráðhúsi, 620 Dalvík, hefur borist beiðni um að eftirfarandi hlutabréf í félaginu verði ógilt með vísan til 27. gr. laga nr. 2/1995 um hluta-félög.

Nafn: Baldvin Þorvaldsson Daniel Þór Hilmarsson db.	Nr. hlutabréfs: 73 187	Nafnv. kr: 6.500 68.750	Úgáfud.: 16. sept. 1998 7. des. 1999
--	-------------------------------------	--------------------------------------	---

Á grundvelli 7. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skorar stjórn Sölku-fiskmiðlunar á hvern þann sem kann að hafa undir höndum ofangreind hlutabréf að gefa sig fram við stjórn félagsins, Ráðhúsinu, Dalvík, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu þessarar áskorunar. Gefi enginn sig fram áður en frestur er liðinn skoðast framangreind hlutabréf ógild og skulu öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt þeim falla niður og ný hlutabréf gefin út til viðkom-andi aðila í þeirra stað.

Dalvík, 2. desember 2003.
F.h. stjórnar Sölku-fiskmiðlunar hf.,
Hilmar Daníelsson framkvæmdastjóri.

(14833 b

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands upp-kveðnum 19. janúar 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Óverulegar eignir fundust í búinu sem dugðu fyrir hluta skiptakostnaðar og var skiptum á því lokið 5. desember 2003 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Mölur ehf., kt. 700992-2689, Kolbeinsgötu 62, 690 Vopnafirði	Fjárhæð lýstra krafna kr.: 13.061.173
--	---

Fjarðabyggð, 5. desember 2003.
Gísli M. Auðbergsson hdl.,
skiptastjóri.

(14834

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum 16. apríl 2003, var neðangreint bú tek-ið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið á skiptafundi 15. ágúst 2003 sam-kvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjald-þrotaskipta.

Nafn bús: Fjöll og flúðir ehf., kt. 550500-2130, Miðtúni 15, Hornafirði	Fjárhæð lýstra krafna kr.: 3.548.484
---	--

Seyðisfirði, 30. nóvember 2003.
Jónas A. Þ. Jónsson hdl.

(14841

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 2003, var neðangreint bú tekið til gjald-þrotaskipta og var undirritaður skipaður skipta-stjóri í þrotabúinu.

Í eigu búsins fannst bankabók með kr. 761 sem ráðstafað var upp í skiptakostnað. Aðrar eignir fundust ekki í búinu og var skiptum því lokið í dag, 6. nóvember 2003 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að nokkuð fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Jóhanna Björnsdóttir, kt. 050560-3259, Goðheimum 13, Reykjavík	20.706.219

Reykjavík, 6. nóvember 2003.
Leifur Árnason hdl.

(14845)

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. nóvember 2001 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Engar eignir fundust í 4 fyrsttöldu búunum og var skiptum því lokið á neðangreindum dögum samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Úrskurðard. gjaldþrsk.:	Skiptalok:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Vilhjálmur Georgsson, kt. 240346-2149, Víðimel 23, 107 Reykjavík	12. nóv. 2001	11. sept. 2003	6.430.116

(14846)

Dagný Kristmannsdóttir, kt. 040166-3859, Suðurhólum 16, 109 Reykjavík	12. nóv. 2001	11. sept. 2003	17.433.617
---	---------------	----------------	------------

(14847)

Lagarbær ehf., kt. 460390-1179, Þórsgötu 24, 101 Reykjavík	4. des. 2001	28. okt. 2003	6.361.603
--	--------------	---------------	-----------

(14848)

Ísferðir ehf., kt. 590995-2159, Helguvík, Bessastaðahreppi	21. júní 2002	28. okt. 2003	8.860.834
--	---------------	---------------	-----------

(14849)

Óverulegar eignir fundust í neðangreindu búi, sem gengu upp í greiðslu krafna utan skulda-raðar og skiptakostnað og var skiptum á því lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðslur fengjust upp í lýstar kröfur, auk áfall-inna vaxa og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Á. Bjarnason ehf., kt. 680187-1779, Trönuhrauni 1, Hafnarfirði	21. júní 2002	28. okt. 2003	12.109.432
--	---------------	---------------	------------

(14850)

Skiptum á neðangreindu búi lauk með vísan til 2. mgr. 154. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti þar sem allar kröfur í búið hafa verið afturkallaðar og þrotamanni afhent umráð bús-ins að nýju.

Einar Harðarson, kt. 230951-2689, Jórufelli 8, Reykjavík	12. nóv. 2001	24. okt. 2003	allar kröfur afturkallaðar
--	---------------	---------------	----------------------------

(14851)

Reykjavík, 28. október 2003.
Gissur V. Kristjánsson hdl., skiptastjóri.

Slit á hlutafélögum

Með bréfi hlutafélagaskrár voru Símon Á. Gunnarsson, kt. 301253-2659 og Jón Eiríksson, kt. 270648-4019, löggiltir endurskoðendur hjá KPMG löggiltir sem skilaneftdarmenn í neðan-greindu félagi.

Á tilgreindum hluthafafundi var samþykkt úthlutunargerð vegna ráðstöfunar á eignum og

réttindum félagsins. Í frumvarpi var eigin fé félagsins skipt í hlutfalli við eignarhlutdeild hluthafa í hinu slitna félagi.

Skilanefnd hlutafélagsins GLD heildversl-unar hf., hefur þar með lokið störfum.

Nafn hlutafélags: GLD heildverslun hf. kt. 521190-1599 Nethyl 2, Reykjavík	Hluthafafundur: 29. apríl 2003
--	--

Reykjavík, 22. júlí 2003.
Jón Eiríksson.
Símon Á. Gunnarsson.

(14852)

Með almenfri innköllun í 16. tbl. Lögbirt-ingablaðsins árið 1997, kom fram að samþykkt hafi verið að slíta neðangreindu hlutafélagi og undirritaðir kjörnir skilaneftdarmenn.

Fjár- og réttindakröfur komu fram á félagið á innköllunarfresti og hefur verið úrskurðað um þær allar. Á neðangreindum hluthafafundi lagði skilanefnd fram frumvarp að úthlutunargerð auk lokareikninga félagsins miðað við árshlutaupp-gjör dagsett 31. desember 1996. Hvorttveggja var samþykkt samhljóða og skilaneftdarmönn-um falið að óska eftir að félagið yrði afskráð og hefur það verið gert og tilkynning um þetta birt í Lögbirtingablaði.

Nafn hlutafélags: Kjartan Ólafsson ehf., kt. 660371-0959, Miðleiti 7, Reykjavík	Hluthafafundur: 4. apríl 1997
---	---

Reykjavík, 4. desember 2003.
Gísli Guðmundsson.

(15117)

Fyrirtækjaskrá

Samrunatilkynningar

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

Yfirtökufélag: Friðrik Bergmann ehf., kt. 630499-2599, Grundarbraut 48, 355 Ólafs-vík.

